4. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.

Með brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/53/EB.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að selja og nota vörur sem innihalda nónýlfenól og nónýlfenóletoxýlöt til 1. júlí 2004.

Umhverfisráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 873 20. nóvember 2003

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Patreksfjörð.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 20. nóvember 2003 staðfest tillögur hættumatsnefndar Vesturbyggðar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Patreksfjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.